

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

849. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. október 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Bréf frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu
2. Bréf Meleyrar ehf.
3. Byggðasafn, þjónustusamningur.

Afgreiðslur:

1. **Lagt fram til kynningar bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins** dags. 20. október sl., þar sem fram kemur að Hvammstanga hefur verið úthlutað 40 þorskígildistonnunum af byggðarkvóta fiskveiðiárið 2014/2015. Frestur til að skila inn óskum um sérreglur er til 1. nóvember nk. Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2014-2015:
„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 40 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2014/2015:

Ákvæði reglugerðar nr. 652/2014 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 652 frá 4. júlí 2014, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2014/2015. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2011/2012, 2012/2013 og 2013/2014.
- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár, nú 2011/2012, 2012/2013 og 2013/2014.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 652/2014 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess afla-

marks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 652/2014 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 20. október 2014, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.
- b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

2. **Lagt fram til kynningar bréf Meleyrar ehf**, þar sem fram kemur að Nesfiskur/Meleyri ehf. átti hæsta boð í aflaheimildir úthafsækju sem Byggðastofnun auglýsti til sölu. Byggðarráð fagnar þessum fréttum og trúir því að þetta verði til eflingar atvinnustarfsemi á Hvammstanga.
3. **Byggðasafn**, sveitarstjóri skýrði frá umræðum á eigendafundi sem haldinn var 22. október sl. og breytingum á drögum að þjónustusamningi. Byggðarráð samþykkir drögin með áorðnum breytingum.

Samþykkt að taka á dagskrá.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:14:43

Stefán Böðvarsson

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir